

Stefndi hefur viðurkennt að skulda stefnanda hina umstefndu skuld. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 14.000.00 í málskostnað.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Karlsson, greiði stefnanda, Jarlinum h/f, danskar kr. 12.436.60 ásamt 9% ársvöxtum frá 8. febrúar 1965 til 12. júní s. á. og 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. marz 1970.

Nr. 61/1969. **Sigurður Ármann Magnússon**

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

Slippfélaginu í Reykjavík h/f

(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1969. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Áfrýjandi reisir ómerkingar- og frávisunarkröfu sína á því, að honum hafi ekki verið löglega birt stefna í héraði. Hann eigi lögheimili á Seltjarnarnesi. Stefnan hafi ekki verið

birt fyrir áfrýjanda sjálfum, heldur fyrir starfsmanni verzlunar, sem áfrýjandi eigi í sameign með öðrum, en starfi ekki hjá því fyrirtæki.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Áfrýjandi, sem á lögheimili á Barðaströnd 10, Seltjarnarnesi í Kjósarsýslu, rekur smásöluverzlunina Nýborg, Hverfisgötu 76, Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrð ásamt Aðalsteini Kristinssyni. Áfrýjandi hefur eftirlit með bókhaldi verzlunarinnar og hefur skrifstofu uppi á næstu hæð í sama húsi. Stefnan var birt starfsmanni verzlunarinnar. Var birtingin lögmaet, sbr. lög nr. 85/1936, 1. málsgrein 95. gr. og 2. málsgrein 96. gr. Stefna í héraði var gefin út 6. desember 1968 „með eins sólarhrings stefnufresti“, en þar sem hún var birt 9 dögum fyrir þingfestingu, verður stefnufrestur eigi talinn of skammur, sbr. lög nr. 85/1936, 3. málsgrein 99. gr. Verður ómerkingar- og frávísunarkrafan því eigi tekin til greina.

Áfrýjandi er í máli þessu krafinn greiðslu á 20 þús. kr., er séu eftirstöðvar í viðskiptareikningi hans hjá stefnda. Samkvæmt tveim kvittunum, sem áfrýjandi hefur lagt fram, er þessi skuld greidd að fullu. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að þessar kvittanir varði eina og sömu greiðslu. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en í málskostnað fyrir Hæstarétti greiði áfrýjandi, er eigi sótti dómþing í héraði, stefnda kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sigurður Ármann Magnússon, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Slippfélagsins í Reykjavík h/f.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. desember s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. desember s.l., af Slippfélaginu h/f, Mýrargötu, Reykjavík, gegn Sigurði Ármanni Magnússyni, Hverfisgötu 76, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 20.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 14. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar af viðskiptareikningi stefnda hjá stefnanda vegna vörukaupa, timburs o. fl., einnig smíði.

Stefndi hafi í samtölum borið fyrir sig, að skuld þessi væri greidd, þar sem hann hafi kvittanir fyrir greiðslu þessara fjárhæða. Stefnandi telji hins vegar, að skuldin sé ógreidd og stefndi hafi af misskilningi fengið tvær mismunandi kvittanir fyrir þessari greiðslu.

Í greinargerð á dskj. nr. 2 segir stefnandi svo orðrétt: „Málavextir eru þeir, svo sem rakið er í stefnu, að stefndi telji sig hafa greitt skuldina að fullu og hafi hann í höndum kvittanir fyrir greiðslu þeirra fjárhæða, er hann verzlaði fyrir. Umbjóðandi minn telur hins vegar, að stefndi hafi fengið tvær kvittanir fyrir greiðslu á sömu tuttugu þúsund krónunum, þannig að Jón Gunnar, núverandi deildarstjóri umbj. míns, hafi gefið stefnda kvittun, sbr. rskj. nr. 3, fyrir greiðslu inn á reikning stefnda, sú kvittun hafi verið röng af misskilningi starfsmannsins (J. G.), enda hafi stefndi þá engan viðskiptareikning haft hjá fyrirtækinu. Hafi því síðar sama dag þáverandi deildarstjóri félagsins, Karl Guðmundsson, sem lézt skömmu síðar, útbúið aðra kvittun, staðgreiðslukvittun, fyrir þeirri upphæð og einnig hafi hann fært þá upphæð með tilvitnun inn á útlánsnotu nr. 1310, rskj. nr. 6: „Innborgað samkvæmt nótu 3181 kr. 20.000.00“. Viðskiptareikningur stefnda er fyrst stofnaður 16. júlí 1965. Stefndi mun fyrst í stað hafa viðurkennt skuld sína, nokkru síðar farið að tala um að fá afslátt af svo miklum viðskiptum, og síðast mun hann alveg hafa neitað að viðurkenna skuld þessa. Eins og fram kemur í reikningsyfirlitinu er skuld stefnda kr. 20.000.00 frá 14. nóvember 1966 auk vaxta frá þeim degi“.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar

sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti. Eins og áður er sagt, hefur stefndi ekki sótt þing og engum andmælum hreyft, og verður því að dæma málið, eins og það liggur fyrir héraðsdómara samkvæmt fullyrðingum stefnanda.

Málskostnaður ákveðst kr. 4.900.00.

Ólafur B. Árnason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Ármann Magnússon, greiði stefnanda, Slippfélaginu h/f, kr. 20.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 14. nóvember 1966 til greiðsludags og kr. 4.900.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögibrtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. marz 1970.

Nr. 138/1969. **Björn G. Björnsson**

(Jóhannes Helgason hdl.)

gegn

Ástu Stefánsdóttur og gagnsök

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Gunnar Thoroddsen og prófessor Gaukur Jörundsson.

Lífeyrisgreiðsla. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1969. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda, að löghaldsgerðin frá 9. september 1968 verði felld úr gildi og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.